

## 7. Hitaveitan á Stórutjörnum – Undirskriftalisti

Fyrir fundinum liggur undirskriftalisti húseigenda og íbúa á svæðinu frá Stóru-Tjörnum að Fljótsheiði þar sem óskað er eftir því að kannaðir verði sem fyrst gaumgæfilega allir raunhæfir möguleikar á því að leiða heitt vatn frá Stóru-Tjörnum að húsum á svæðinu á allra næstu árum.  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.*

## 8. Ljósleiðaratenging – Útboð

Útboðsgögn vegna ljósleiðaratengingar í Þingeyjarsveit lögð fram til afgreiðslu. Fyrir liggur samningur og styrkuppþæð frá Fjarskiptasjóði sem stendur sveitarfélaginu til boða, alls 73.575.000 kr. til uppbyggingar ljósleiðarakerfis í dreifbýli á árinu 2016. Einnig liggja fyrir drög að útboðsgögnum og skýrsla frá Ráðrik ehf. um sérfræðiúttekt á fjárhag sveitarfélagsins samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning um styrkúthlutun og styrkuppþæð kr. 73.575.000 frá Fjarskiptasjóði og samþykkir þá uppþæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2016. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn. Útboðsgögn lögð fram og tekin til umræðu og afgreiðslu, skráð í trúnaðarmálabók. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa útboð til ljósleiðaralagningar í Þingeyjarsveit samkvæmt fyrirbyggjandi drögum. Sveitarstjóra falið að auglýsa útboðið í samvinnu við Ríkiskaup.*

### Til kynningar:

- Fundargerð 278. fundar stjórnar Eypings
- Fundargerð 181. fundar HNE
- Fundargerð 24. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga ásamt ársreikningi og ársskýrslu 2015
- Lokaskýrsla starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum
- Ályktun stjórnar Hrafnabjargavirkjunar hf. vegna draga að rammaáætlun III
- Ársfundur Stapa – Lífeyrissjóður

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

## Aðalfundur Kvenfélags Ljósvefninga



Verður haldinn í Safnaðarheimili Þorgeirskirkju  
miðvikudagskvöldið 27. apríl nk. kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Alltaf er pláss fyrir nýjar félagskonur.

Verið velkomnar .

Stjórnin

## Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur almennt út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

**fyrir kl. 15:00. ☺**

**ATH!**

**Verð á auglýsingum  
frá og með 10 janúar 2016**

Verð hálf síðu er. kr.3.200.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

***hlaupastelpan@isl.is—895-3386***

## DALAKOFINN

Gleðilegt sumar og takk kærlega fyrir veturinn. Á Sumardaginn fyrsta, verður ísvélin sett í gang eftir vetrarfríð. Komdu og fáðu þér ljúffengan Kjörís í tilefni dagsins!

Við minnum einnig á laugardagskaffið sem er enn á sínum stað á hverjum laugardagsmorgni. Allir velkomnir og kaffið er að venju í boði hússins.

Nú er opið alla daga frá kl. 10 til kl. 20 nema sunnudaga þá opnar kl. 12

**Verið ávallt velkominn!**

Dalakofinn / Útibú ehf.  
s. 464-3344



## SS L71

**Bíllinn minn, sem er VW GOLF PLUS, árgerð 2012, er til sölu. Hann er ekinn rúma 58 þús. km., með dieselvél, aksturstölvu, sjálfskiptur, með hraðastilli, hita í framsætum, regnskynjara, beygjuljósum, ásamt góðu útvarpi og geislaspilara.**

**Nánari uppl. gefur Kolbrún í Rauðuskriðu  
í síma 611-3405.**

### Opinn Transmiðilsfræðslufundur

**Garðar Jónsson transmiðill mun verða með fund í sal Framsýnar á Húsavík miðvikudaginn  
27. apríl Kl 19:45.  
Aðgangseyrir 2.500, enginn posi.**

**Allir velkomnir.**

3.liður fundargerðar; Höfðabyggð B16, umsókn um byggingarleyfi vegna aukins byggingarmagns á lóð.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við erindið á þessu stigi en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna tillögu að breyttu byggingarmagni á lóðinni fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

#### **2.Nýtt rekstrarleyfi – Granastaðir Guesthouse**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5. apríl s.l. þar sem Svanhildur Kristjánsdóttir sækir um sem forsvarsmaður fyrir Granastaði ehf. nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistingar að Granastöðum 2 í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

#### **3.Aðalfundarboð Veidifélags Fnjóskár 2015**

Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Fnjóskár sem haldinn verður þann 17. apríl n.k. í Skógum í Fnjóskadal.

*Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

#### **4. Aðalfundarboð Veidifélags Skjálfandafljóts 2015**

Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Skjálfandafljóts sem haldinn verður þann 28. apríl n.k. í Ljósveitningabúð.

*Samþykkt að Árni Pétur Hilmarsson fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

#### **5. Laxárvirkjun III, breyting á inntaki – Beiðni um umsögn**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Jakobi Gunnarssyni f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 5. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar á fyrirhuguðum breytingum Landsvirkjunar á inntaki og stíflu Laxárvirkjunar III. Beiðni um umsögn er í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

*Sveitarstjórn telur að í bréfi Landsvirkjunar ásamt fylgigögnum dags 4. apríl 2016 sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun og telur með vísan í umrædd gögn að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.*

#### **6. Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.**

Fyrir fundinum liggur stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs. í annað sinn en breyting var gerð á 12. gr. samningsins. Stofnsamningurinn er um byggðasamlag í samræmi við ákvæði 4. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliðgjandi stofnsamning með áorðnum breytingum.



**Fundargerð**  
**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**  
**13.04.2016**

**189. fundur**

**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**  
**haldinn í Kjarna miðvikudaginn 13. apríl kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskað eftir að bæta á dagskrá undir 3. lið; Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2015, undir 4. lið; Aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfafljóts 2015 og undir 5. lið; Laxárvirkjun III, breyting á inntaki – Beiðni um umsögn. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 07.04.2016
2. Nýtt rekstrarleyfi – Granastaðir Guesthouse
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2015
4. Aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfafljóts 2015
5. Laxárvirkjun III, breyting á inntaki – Beiðni um umsögn
6. Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.
7. Hitaveitan á Stórutjörnum – Undirskriftarlisti
8. Ljósleiðaratenging – Útboð

**1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 07.04.2016**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 7. apríl s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

- 1.liður fundargerðar; Þeistareykjalína, umsókn um framkvæmdaleyfi.  
*Sveitarstjórn samþykkir umsókn Landsnets vegna Þeistareykjalínu 1 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*
- 2.liður fundargerðar; Miðhvammur í Aðaldal, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.  
*Sveitarstjórn samþykkir umsókn Landsvirkjunar um efnistöku úr Miðhvammsnámu og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**Goðafossmarkaður**

auglýsir fyrirhugaða vörumóttöku

og verðbreytingar á vörum.

**Bárðardalshópur: 13:00-18:00 sunnudaginn 1. maí**

**Fnjóskadalshópur og Fosshóls/Kinnarhópur: 13:00-18:00 mánudaginn 2. maí**

Gerð ráð fyrir að breytingar og skráning taki smá stund.

Hjördís, Friðrika og gæðanefndin

**Goðafossmarkaður**

**auglýsir eftir starfsmanni við afgreiðslu í**

handverksmarkaðinum á Fosshóli í Þingeyjarsveit í sumar 2016  
frá 15. maí til 15. september.

Um er að ræða 40-50% stöðu sem væri þó stærra

hlutfall í maí og september.

Vinnutími er frá 08:00 til 17:00. Laun samkvæmt  
kjarasamningum.

Hentar mjög vel með annarri hlutavinnu.

Frekari upplýsingar veitir **Friðrika** í  
síma **4643218** eða **8685420**

Einnig má senda umsókn og fyrirspurnir  
á [angelkick89@gmail.com](mailto:angelkick89@gmail.com)



**Vorfagnaður Kerlákórsins Hreims**  
verður að Ýdölum Aðaldal laugardaginn 23. apríl kl. 20.30



Gestur:  
Disella Lárusdóttir

Gestir:  
**Disella Lárusdóttir**  
og **Bragi Jónsson**

Stjórnandi: Steinþór Þráinsson  
Undirleikur: Steinunn Halldórsdóttir

*Hið rómaða kaffihlaðborð  
verður á sínum stað.*



Gestur:  
Bragi Jónsson



Stjórnandi:  
Steinþór  
Þráinsson

Veislustjóri:  
**Sigurbjörn Árni Arngrímsson**

Stiginn verður dans  
að loknum tónleikum  
(18 ára aldurstakmark á dansleikinn)

Miðaverð 5.000 kr.

Miðapantanir í sínum:

• 894 7744 Láki • 863 6647 Hlynur • 846 3835 Rúnar



Undirleikari:  
Steinunn  
Halldórsdóttir

Forsala aðgöngumiða hefst 15. apríl  
á Hársnyrtistofunni Toppnum á Húsavík sími 464 2131  
og Dalakofanum Laugum sími 464 3344

16.tbl.  
20. apríl  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



### Rekstur verzlunar í Vaglaskógi

Auglýst er eftir rekstraraðila að verzluninni í Vaglaskógi sumarið 2016. Verzlunin er starfrækt yfir sumartímann og er í nágrenni við tjaldsvæði og sumarhúsabyggð á svæðinu. Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025.

Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér reksturinn sendi inn skriflegar umsókn sem fyrst til sveitarstjóra, Kjarna 650 Laugar, netfang [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)

Sveitarstjórinn í Þingeyjarsveit

### Darri auglýsir

verðum á ferðinni með vörurnar okkar  
Sumardaginn fyrsta 21. til 24. apríl

Darri